

Umhverfisráðsfundur barna (annar fundur) 7. og 21. febrúar 2018



Fundarmenn eru elstu börnin í Lundi, Svartprestir og Skógarprestir.

Anna Borg, leikskólastjóri, fundarstjóri og Berglind Jónsdóttir deildarstjóri, ritari fundarins og ábyrgðarmaður fyrir eftirliti á deildum.

Dagskrá fundar:

Umræður: Matarsóun

Horfa á mynd um Trjálfana í skóginum og Góða hirðinum.

Fundargerð:

- Börnin minnt á Bínu-reglurnar:** sitja með hendur og fætur hjá sér, hlusta, bíða þar til röðin er komin að þér og fundarregluna að rétta upp hönd til að fá orðið. Allir fengu umhverfisráðherramerki í barminn og sátu við borð. Allir fengu barmmerki, fóru yfir Bínureglurnar og minntu á að það þurfi að rétta upp hönd til að fá orðið. Ótrúlega flottir fundarmenn!
Anna Borg viðurkenndi smá umhverfisslys þar sem hún prentaði á tvö blöð í stað þess að prenta báðum megin. Hún lofaði að það kæmi ekki fyrir aftur.
- Rifjað upp dagskrá frá síðasta fundi.**
Anna Borg las upp úr síðustu fundargerð og allir mundu nú eftir Ragga ruslakarli og Herkúles frá Sorpuferðinni.
- Matarsóun:**
Spurningar og umræður
Það komu mjög flottar athugasemdir frá krökkunum um hvernig við ættum að draga úr matarsóun. Þau voru mjög dugleg og meðvituð. Þetta koma fram frá öllum: ekki skilja eftir mat á disknum sínum, ekki missa mat niður á gólf, ekki setja of mikið af mat á disinn sinn og borða allt, fá sér lítið í hvert sinn og biðja um meira, getum búið til fiskibollur úr afgangsfisk, ekki kaupa of mikið af mat aðeins það sem vantar og vera með réttan skammt fyrir fjölskylduna. Við getum gefið smáfuglum að borða t. d. eplaafanga, graut, kornflex ofl. Við megum samt ekki gefa fuglum slátur því í keyptu slátri leynist laukur sem fuglar mega ekki borða. Við setjum afgang líka í Svanga Manga og búum til moltu fyrir blómin og trén. Við getum búið til brauðrasp á fiskinn úr afgangsbrauði. Við getum búið til grænmetissúpu úr afgangsgrünmeti, ósnertanlegu. Við eigum að setja matinn í ísskápinn eða frystinn til að hann geymist vel og við getum hitað matinn aftur upp. Við getum vökvað blómin með vatninu sem við skiljum eftir í glösunum eða í könnunni. Við getum nýtt afgang í nesti daginn eftir. Við eyðum pening að henda mat. Þess vegna eigum við ekki að henda að óþörfu. Við getum tekið mynd af innihaldi ísskápsins og haft með okkur í búðina svo við vitum hvað vantar í matinn (sjá mynd).

Að lokum kom Bella með sýnishorn af heimaverkefni fyrir alla fjölskylduna, verkefni sem er yfir heila viku þar sem verið er að hvetja til að draga úr matarsóun. Krakkarnir voru mjög spenntir. Í mars verða öll heimaverkefnin komin í leikskólann og við förum yfir það saman. Bella á að kalla þau inn.

4. Hvernig gekk síðasta eftirlit umhverfisráðherra

Eftirlitið gekk vel, allir stóðu sig með þryði. Anna Borg fékk þó einn fýlukarl þar sem hún gleymdi að slökkva á einum borðlampa þegar hún yfirgaf skrifstofuna sína. Hún lofaði að bæta sig fyrir næsta eftirlit, auðvitað vill Anna Borg þrjár stjörnur.

5. Hvaða umhverfisráðherrar fara í eftirlit næst?

Í mars fara Frosti, Katrín, Torfi og Natallía í eftirlitsferð.

Í apríl fara Óliver, Ísabella, Guðmundur og Fríða í eftirlitsferð.

Önnur mál

Anna Borg ætlar að ræða við starfsmann á Hrafnistu og ath með samstarf um að sauma taupoka fyrir blaut föt í stað þess að nota plastpoka.

Allir horfðu á Trjáálfarna og alltaf eru þeir jafn skemmtilegir!

Mynd af innihaldi ísskápsins í Lundi:



Fundi slitið!

Fundarstjórn:

Anna Borg

Ritari fundarins:

Berglind Mjöll Jónsdóttir

Sérlegur tæknistjóri fundarins:

Lilja Sólrún Guðmundsdóttir